

8. gr.

88

Sjóðurinn skal geymast og ávaxtast í ríkisskuldabréfum og bankavaxtabréfum, sem ríkisábyrgð er fyrir, eftir því, sem við verður komið, en að öðru leyti í sparisjóði.

23. maí

9. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast staðfestingar konungs.

Þannig samþykkt á aðalfundi sýslunefndar Norður-Múlasýslu árið 1940.

Skrifstofu Norður-Múlasýslu, Seyðisfirði, 8. apríl 1940.

Hjálmar Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

89

um breyting á reglugerð fyrir Stríðstryggingafélag íslenskra skipshafna frá 1. marz 1940.

23. maí

Í 4. gr. reglugerðarinnar komi 275000 krónur í stað 225000 krónur.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 37 12. febrúar 1940, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

90

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Seyðisfjarðarkaupstaðar frá 21. nóv. 1931.

24. maí

Í 1. gr. d.-lið falli burtu orðin „frá 1. september til 30. apríl og kr. 0.04 fyrir kíló-wattstund frá 1. maí til 31. ágúst.“

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi 1. júní 1940, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 24. maí 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.